

Ár 1980, mánudaginn 28. júlí, var í málinu nr. 9/1980 kveðinn
upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :


Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 12. febrúar 1979, kærði
Geir Gunnlaugsson, Lundi við Nýbýlaveg í Kópavogi, til Fasteignamats
ríkisins út af röngu fasteignamati á landi Lundar. Niðurstaða úrskurðar
Fasteignamats ríkisins frá 25. október 1979 varð sú, að byggt svæði
væri 1,53 ha. og ræktunarland 8,94 ha.

Var byggingarsvæðið í úrskurðinum metið á kr. 28.274.000,- og ræktunar-
landið á kr. 63.831.000,-. Þessum úrskurði skaut Geir Gunnlaugsson
til Yfirfasteignamatsnefndar með bréfi dags. 10. febrúar 1980.

Ofangreint land er meginhluti nýbýlalands, sem landbúnaðarráðherra
f.h. ríkissjóðs byggði Geir Gunnlaugssyni á erfðaleigu með bréfi,
dags. 28. mars 1945. Talið er að stærð landsins í upphafi hafi verið
um 14 ha. Síðan hefur landið verið skert vegna lagningar vega og með
eignarnámi í þarfir bensínafgreiðslustöðvar. Ennfremur hefur verið
skipt út úr landi jarðarinnar lóð undir íbúðarhús, sem þar hefur verið
reist. Nefnist sú fasteign Lundar III. Lóð Lundar III er talin 1200 m²
í gögnum málsins og verður sú stærð lögð til grundvallar í úrskurði
þessum. Þá hefur einnig verið skipt út úr landinu spilda undir
íbúðarhús og nefnist sú fasteign Nýi Lundur. Er sú spilda 0,56 ha.
að stærð. Samkvæmt þessu og öðrum upplýsingum, sem fyrir liggja, til-
heyra Lundi nú 9,91 ha. lands. Fjallar úrskurður Yfirfasteignamatsnefndar
aðeins um fasteignamat þessa lands. Óhnekt er staðhæfingum kæranda,
sem eru studdar gögnum, að þetta land sé nýtt í þarfir búrekstrar hans.
Ber því að meta landið til fasteignamatsverðs miðað við notkun þess
til búskapar, sbr. 3. mgr. 17. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og
mat fasteigna. Telst umrætt land hæfilega metið á þessum grundvelli
á samtals kr. 49.550.000,- í fasteignamatsskrá þeirri, sem tók gildi
1. desember 1978.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Fasteignamatsverð ofangreinds lands fasteignarinnar Lundar ákveðst
kr. 49.550.000,- í fasteignamatsskrá þeirri, sem tók gildi 1. desember
1978.



Gaukur Jörundsson.

